

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. janúar 2014
Tilvísun: UST20140100007/bs

Gasgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að reisa gas- og jarðgerðarstöð norðan við núverandi urðunarstað í Álfsnesi. Lífrænn úrgangur verður meðhöndlaður með svokölluðu Aikan ferli. Hér er um að ræða lotuferli sem meðhöndlar lífrænan úrgang til framleiðslu á hauggasi og jarðvegsbæti þar sem úrgangurinn er óhreyfður allan vinnslutímamann. Ferlið er útfært þannig að vatnsrof, gasgerð og jarðgerð eru aðskilin.

Með tilkomu stöðvarinnar mun draga úr urðun lífræns úrgangs í Álfsnesi. Það mun leiða til þess að lyktarmengun frá urðunarstaðnum mun minnka og að gasmyndun í haugnum muni fjara út á næstu áratugum.

Hér er um framkvæmd að ræða sem auka mun endurnýtingu með því að meðhöndla lífrænan úrgang með umhverfisvænum hætti.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Björn Stefánsson
sérfræðingur